

Foreldraráð Leikskóla Seltjarnarness (LS)

Fundargerð

26. febrúar 2014

Fundur foreldraráðs LS var haldinn kl 8.20 þann 26. febrúar, 2014 í Mánabrekku.

Viðstaddir: Soffía Guðmundsdóttir, Svana Davíðsdóttir og Haukur Hauksson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Undirbúningur fyrir fund með bæjarstjóra

2. Önnur mál

1. Undirbúningur fyrir fund með bæjarstjóra

Einu sinni á ári er haldinn fundur með bæjarstjóra, fræðslufulltrúa, leikskólaráði og foreldrafélagi. Tilgangurinn er að ræða leikskólastarfið. Ekki hefur verið boðað til fundarins en foreldraráð hyggst undirbúa fyrirspurnir og erindi inn á fundinn.

Foreldraráð sendi á síðasta ári erindi til bæjarstjóra vegna málefna LS. Svar barst í september 2013. Farið var yfir þau mál sem komu fram í erindinu og skoðað hver þeirra þyrfti að taka upp á fundi með bæjarstjóra:

Öryggismál á leiksvæðum.

Soffía mun skoða hvernig staðan er á endurbótum á leiksvæðum m.t.t. athugasemda í skýrslu sem Heilbrigðiseftirlitið tók saman. Óskað verður eftir frekari endurbótum ef þörf er á.

Brunavarnakerfið á Sólbrekku:

Kerfið fór ítrekað í gang vegna brauðristar. Soffía mun spyrjast fyrir um lagfæringar á brunavarnakerfinu. Óskað verður eftir frekari endurbótum ef þörf er á.

Hljóðvist:

Hluti af aðgerðum til að bæta hljóðvistina á LS er lokið enn er þó beðið eftir hljóðdempandi dúkum á borðin. Foreldraráð mun fylgja eftir loforði bæjarstjóra um skýrslu um hljóðvist á LS.

Tölvukostur:

Allar deildir eru komnar með iPad frá Seltjarnarnesbæ og því fagnar foreldraráð. Soffía segir að þetta bæti mjög starf inn á deildum t.d. skráningar, myndatöku og undirbúning.

Aðföng:

Foreldraráð mun áfram gera kröfu um að Seltjarnarnesbær geri betur við LS vegna kaupa á aðföngum t.d. litum, leir og öðrum hlutum sem þarfnast reglulegrar endurnýjunar.

Einnig var farið yfir önnur mál til að ræða á fyrirhuguðum fundi með bæjarstjóra: Hvernig bærinn mun beita sér í úrræðum fyrir foreldra barna sem ekki komast inn á leikskólann. Einnig mun foreldraráð beita sér í því að koma á samstarfi við Sundlaugina með það í huga að sundnámskeið verði hluti af "sumarskóla" LS til hagræðingar fyrir foreldra. Rætt var um matarmál LS. Soffía nefndi að skýrsla hafi verið tekin saman eftir óháða úttekt sem kom vel út. Foreldraráð telur því ekki ástæðu til að ræða matarmálin frekar á fundi með bæjarstjóra að svo stöddu.

Foreldraráð hyggst halda sameiginlegan fund með nýrri stjórn Foreldrafélagsins til að koma sér saman um þau mál sem eiga erindi inn á fund með bæjarstjóra. Svana mun gera uppkast að erindi til bæjarstjóra sbr áherslur hér að ofan og bera upp á fundinum. Í framhaldi af þeim fundi verður sent bréf til allra foreldra og óskað eftir að foreldrar láti í ljós skoðanir sínar sem unnt verði að koma á framfæri við bæjarstjóra.

2. Önnur mál

Vinnustaðagreining:

Seltjarnarnesbær hefur gert vinnustaðagreiningu síðustu þrjú ár og niðurstaða hennar var kynnt nýlega. LS kom vel út úr könnuninni í fyrra en niðurstaðan var lakari í ár. Soffía hefur sett saman hóp til að leggja til umbætur á þeim þáttum sem kom fram í könnuninni að þyrfti að bæta.

Námsskrá:

Eitt af hlutverkum Foreldraráðs er að veita umsögn um námskrá. Soffía sagði frá stöðu vinnunnar við námskrána. Hún sagði að ekki hafið verið nægt svigrúm til vinnu við hana vegna annarra tímafrekra

verkefni s.s. vinnu við að koma Holti á laggirnar. Soffía sagði að fjölga þyrfti vinnufundum en námskrá á að vera tilbúin í lok árs.

Dagskrá næsta fundar:

Ekki var lögð fyrir dagskrá fyrir næsta fund

Fundi lauk kl. 9.30

Næsti fundur er ákveðinn 19. mars, kl. 8.20

Fundargerð verður sett á vef LS eftir að fundarmenn hafa samþykkt fundargerð með tölvupósti til fundarritara